



Félag atvinnurekenda
Kringlunni 7
103 Reykjavík

ATVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 101 Reykjavík
sími: 545 9700 postur@anr.is
anr.is

Reykjavík 19. janúar 2017
Tilv.: ANR17010058/1.5.3

Efni: Upplýsingar um mál og gögn vegna ákvörðunar um styttingu gildistíma tollkvóta.

Ráðuneytið vísar til erindis yðar frá 2. janúar 2017. Ennfremur vísar ráðuneytið til bréfs til yðar, dags. 20. desember 2016. Í erindinu er því mótmælt að tollkvótum fyrir árið 2017 verði úthlutað í tveimur hollum, til hálfis árs í senn, í stað einnar úthlutunar til árs í senn eins og áður hefur tíðkast.

Í bréfinu var upplýst að ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara (nefndin) hafi á 604. fundi sínum hinn 31. maí 2016 samþykkt að breyta framkvæmd við úthlutun tollkvóta og skipta þeim upp í einingar. Tillögunin væri í samræmi við 3. mgr. 65. gr. búvörulaga, nr. 99/1993. Fundargerð nefndarinnar er meðfylgjandi.

Ennfremur er meðfylgjandi „Skýrsla starfshóps um tollasamning og nýjar aðbúnaðarreglugerðir til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ (starfshópurinn). Í skýrslunni eru m.a. reifaðar tillögur starfshópsins en þeim var komið á framfæri við ráðherra enda taldi hópurinn að koma þyrfti til móts við ætluð áhrif fríverslunarsamnings Íslands og ESB, einkum hvað varðar áhrif á svína- og alifuglabændur, og áhrif sem gildistaka nýrra reglugerða um velferð búfjár mun hafa á greinarnar.

Ein af niðurstöðum starfshópsins (c.) var að tollkvótum yrði úthlutað oftar yfir árið, allt að fjórum sinnum í stað einu sinni, til að þess að viðhalda jafnara flæði búvara inn á íslenska markað.

Í nefndaráliti meirihluta atvinnuveganefndar frá 29. ágúst 2016 er vísað til tillagna fyrrgreinds starfshóps. Í álitinu beinir meirihlutinn því til ráðherra að hann fari gaumgæfilega yfir tillögur starfshópsins og leiti leiða til að koma til móts við þær athugasemdir sem birtast í fyrrgreindri skýrslu. Meirihlutinn bendir jafnframt á að líkur teljist vera á að smásöluverð búvara hækki við það að úthlutun tollkvóta fari fram oftar yfir árið og í því ljósi hvatti hún ráðherra til að hafa samráð við hagsmunaaðila um útfærslu úthlutunarinnar. Á áliti meiri hlutans er tekið undir hugmyndir um að hlutast verði til um að úthlutun tollkvóta stuðli að jafnara flæði búvara á innlendan markað og talið að fjölgun útboða geti aukið skilvirkni og samkeppni.

Fyrrgreindur starfshópur hafði það hlutverk að kanna áhrif fríverslunarsamnings Íslands og ESB. Hópurinn lagði mat á hvernig einstaka búgreinar gætu tekist á við afleiðingar samningsins, en einkum var horft til svína- og alfluglaræktar.

Ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara yfirfór fyrrgreinda skýrslu og nefndarálit meiri hluta atvinnuveganefndar. Í framhaldinu lagði hún til við ráðherra að

gildistími tollkvóta fyrir innfluttar búvörur yrði stytur og úthlutunum fjölgað. Ráðgjöfin var í samræmi við tillögur fyrrgreinds starfshóps sem var komið á fót af þáverandi ráðherra og álit meiri hluta atvinnuveganefndar.


Við undirbúning fyrrgreindrar ráðgjafar komst nefndin að þeirri niðurstöðu að rétt væri að breyta fyrirkomulaginu ekki um of og því væri rétt að úthluta tollkvóta tvisvar á ári en ekki fjórum sinnum eins og starfshópurinn lagði til. Taldi nefndin rétt að stigið yrði varlega til jarðar í ljósi fyrri framkvæmdar.

Nú liggur fyrir að magn búvara sem fluttar verða inn á grundvelli tollkvóta mun aukast strax á þessu ári í kjölfar gildistöku nýs samnings Íslands og ESB. Talið var skynsamlegt að hefja þegar úthlutun samkvæmt nýju fyrirkomulagi enda þyrfti að afla reynslu af fyrirkomulaginu áður en til úthlutunar hins aukna magnstollkvóta kemur. Rétt er að geta þess að úthlutun tollkvóta fyrir síðari hluta ársins hefur ekki farið fram. Ráðuneytið hefur farið fram á það við ráðgjafarnefndina að meta reynsluna af tvískiptri úthlutun áður en tekin verður ákvörðun um hvernig úthlutun verður hagað til framtíðar litið. Í þessu samhengi er rétt að halda því til haga að í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að ráðstöfun innflutningskvóta verði endurskoðuð á yfirstandandi kjörtímabili með hagsmuni neytenda að leiðarljósi.

Ráðuneytið hefur ekki undir höndum frekari gögn en þau sem eru meðfylgjandi bréfi þessu.

Fyrir hönd sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra


Ólafur Friðriksson


Baldur Sigmundsson